

# EFTIRLITSSKÝRSLA

<b>Dagsetning</b>	21. september 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	<b>Gísli Jónsson</b>
<b>Fyrirtæki</b>	Íslenska kalkpörungafélagið ehf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	<b>1. nóvember 2022</b>
<b>Heimilisfang</b>	Hafnarteigi 4,465 Bíldudalur	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	680601-2670	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Guðmundur Valgeirsson
<b>Isat nr.</b>	08.91.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Framleiðsla af kalki 50.000 t/ári		65° 41,126'N, 23° 35,853'W

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik frá starfsleyfi. Annað varðaði rykmagn í útblásturlofti sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi og hitt varðaði skil á útstreymisbókhaldi sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi.

Gerðar voru þrjár athugasemdir í kjölfar eftirlitsins. Ein athugasemdin varðaði mælingar á svifögnum og vöktunarmælingar og hin athugasemdin varðaði breytingar á rekstri sbr. grein 1.4 í starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Umhverfi verksmiðjunar skoðað

Setlón skoðað og sjávarbotn fyrir utan það.

Farið yfir mælingar á rykhreinsun og niðurstöður þeirra mælinga

Farið yfir mælingar á svifögnum frá setlóni og niðurstöður þeirra

Farið yfir skil á útstreymisbókhaldi og efni þess

Farið yfir drög að vöktunaráætlun



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

**Frávik:** Í eftirliti komu fram 2 frávik.

### Frávik 1:

Í bréfi frá Umhverfisstofnun frá 19. apríl sl. var Íslenska kalkþörungafélaginu veitt áminning vegna þess að losunarmörk um ryk voru ekki uppfyllt sbr. ákvæði 2.1 í starfsleyfi. Fyrirtækið var jafnframt krafði um að setja upp fullnægjandi hreinsibúnað þannig að ákvæði starfsleyfis sé uppfyllt 15. júní 2011.

Hreinsibúnaður var uppfærður og mælingar gerðar á ryklosun 14. júní sl. Niðurstöður þeirra sýna að meðaltali var losunin 33 mg/Nm<sup>3</sup>. Losunarmörk í grein 2.1 í starfsleyfinu eru 20 mg/Nm<sup>3</sup>. Losun var því umfram mörk þegar eftirlit fór fram

Upplýst var í eftirliti að búið væri að kaupa blásara fyrir rykhreinsibúnaðinn og hann var síðan settur upp í október og mælingar gerðar bæði í október og nóvember. Síðustu mælingar sýndu að losunin sé um 5 mg/Nm og þar með undir losunarmörkum í starfsleyfi sbr. gr. 2.1 og hefur fyrirtækið þar með uppfyllt ákvæðið.

**Fráviki frá: Grein 2.1 í starfsleyfi.**

### Frávik 2:

Fyrirtækið hefur skilað útstreymisbókhalda fyrir árin 2009 og 2010. Umhverfisstofnun hefur gert athugasemd við að notast er við eina mælingu frá árinu 2009 til þess að áætlað svifryk frá verksmiðjunni. Eins og kemur fram í tölvupósti 24. júní sl. til fyrirtækisins þá telur stofnunin ljóst að mælingin frá 2009 sé alls ekki lýsandi fyrir losun svifryks. Skila þarf útstreymisbókhalda fyrir árin 2009 og 2010 þar sem raunhæfari áætlun á svifryki er gefin upp.

Uppfærð útstreymisbókhalda fyrir árin 2009 og 2010 voru send til stofnunarinnar 8. nóvember sl. og hefur fyrirtækið því bætt úr frávikinunni.

**Frávik fá: Grein 3.4 í starfsleyfi.**

**Athugasemd: Í kjölfar eftirlits eru gerðar 3 athugasemdir**

### Athugasemd 1:

Farið var yfir vöktunaráætlun og mælingar á svifögnum við setlónið. Ekki hafa borist neinar mælingar á svifögnum fyrir árið 2011. Gerð er athugasemd við áætlunina en ekki kemur nægjanlega vel fram hvernig mælingum er háttað. Einnig er ekki gefið upp neitt bakgrunnsgildi þannig ekki hefur verið hægt að athuga hvort að fyrirtækið uppfylli gr. 2.4 í starfsleyfi segir að styrkukning svifagna í sjó eigi að vera undir 2 mg/l vegna fráveitu.

Í bréfi frá fyrirtækinu frá 8. nóvember var stofnunin upplýst um að sýnin séu tekin á u.þ.b. 1 metra dýpi og bakgrunnsgildið sé væntanlega breytilegt eftir náttúrulegum svifögnum í sjónum, árstímum og veðurfari. Til þess að vita um þess gildi þarf rannsóknir nema til séu gögn um þetta sem hægt sé að miða við.

### Athugasemd 2:

Fyrirhugað er að stækka verksmiðjuna með því að bæta við þurrkofn. Stofnunin vill minna á grein 1.4 í starfsleyfi sem segir að rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.



### Athugasemd 3:

Bent var á grein 4.9 í starfsleyfi um samráðsfund. En það er á ábyrgð rekstraraðila að boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðar á samráðsfund á fjögurra ára fresti.

### Önnur atriði:

Notkun á setlóni er þannig háttáð að ekki er nógu skýrt hvernig uppfylla eigi ákvæði 2.4 í starfsleyfi auk þess sem kröfur um mælingar 3.1 um svifagnir í setlóni virðast ekki þjóna neinum tilgangi. Fara þarf betur yfir málefni setlónsins.

Eftirlitsaðili varð ekki var við ryk frá verksmiðjunni fyrir utan athafnasvæði hennar. Þegar litið var til útblásturs frá strompi virtist helst vatnsgufa koma úr honum en engin greinileg merki um ryk. Ef grannt var skoðað mátti þó sjá einhvern bláma í reyknum sem ekki verður rakin til vatnsgufu. Við strompinn var eitthvað um ryk en smá reykur lekur úr honum neðarlega þannig að blautt kalkryk sást á strompnum og veggj verksmiðjunar næst strompnum.

Gengið var kringum setlónið og virtist sumstaðar vera kalkset fyrir utan lónið. Fyrirtækið gerði mælingar á á kornastærð ryks í útblæstir frá verksmiðjunni síðasta vetur og sendi niðurstöður þeirra í tölvupósti 7. nóvember sl.

Rætt var um úrgang sem verður til við vinnslu kalkþörungum sem er þá aðalega grjót sem er dælt er upp með kalkþörungunum. Þetta getur orðið að umtalsverður magni þegar fram líða stundir og þarf að finna því rétta leiðir til förgunar eða endurnýtingar. Í því sambandi er bent á skráningu úrgangs sbr. grein 3.2. í starfsleyfi.

Reykjavík, 21/12/2011

---

Gísli Jónsson

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.